

Mál nr. 185/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X****Gildissvið slysatryggingar ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987
vegna slyss 30. september 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyss M kemur fram að M hafi staðið við enda steypudælu sem hann stjórnaði og hún hefði eitthvað staðið á sér en svo alt í einu komið stór gusa úr henni sem varð til þess að M féll á járnstoð byggingarkranans sem hann stóð við. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að M hafi verið að dæla steypu á dælubifreiðinni X þegar dælan stíflaðist skyndilega með þeim afleiðingum að hún sló hann niður.

M telur að slyss hans hafi orðið vegna eðlilegrar notkunar steypubifreiðarinnar X og sé því skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um notkun bifreiðar uppfyllt. M vísar til þess að steypudæla bifreiðarinnar hafi verið knúin áfram af aflvél bifreiðarinnar og vísar til dómafordæma þar sem litið sé á slíkt sem eðlilega notkun bifreiða. M vísar því á bug að steypubifreiðin hafi verið notuð eins og vinnuvél í greint sinn.

V lýsir aðstæðum þannig að dælubifreiðin X hafi verið útbúin steypudælubúnaði sem sé þannig að steypu sé dælt úr bifreiðinni fyrir í trekt sem hafi verið stillt upp á verkstað, kyrrstæðri og á sérstökum fótum og steypu sé síðan dælt þaðan með dælu/barka á viðeigandi stað. V telur að slyss sem verður við notkun þessa búnaðar sé ekki þess eðlis að M hafi verið við stjórn bifreiðarinnar X, né heldur að slysið megi rekja til notkunar bifreiðarinnar, en í 92. gr. umferðarlaga um slysatryggingu ökumanns þurfi þau skilyrði að vera uppfyllt til greiðsluskyldu úr slíkri tryggingu. V telur að það sé ekki hægt að jafna aðstæðum vegna slyss M til þess þegar verið er að ferma eða afferma bifreiðar og telur stjórnun steypudælu það fjarri notkun bifreiðarinnar sjálfrar að tjón vegna slíks falli ekki undir skilyrði 92. gr. umferðarlaga.

Álit.

Þegar litið er til þess hvort skilyrði 92. gr. umferðarlaga um stjórn ökutækis og notkun þess, í skilningi 1. mgr. 88. gr. sömu laga, séu uppfyllt verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um slysaatvik M. Af þeim verður ekki séð með skýrum hætti að slyss M hafi orðið við það þegar verið var að afferma bifreiðina X. Einnig verður heldur séð af gögnum málsins með nægilega skýrum hætti að búnaður sem verið var að nota í greint sinn hafi verið þannig að hann megi tengja með beinum hætti við notkun bifreiðarinnar X. Telst því ósannað að slyss M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og eru skilyrði 92. gr. sömu laga um gildissvið slysatryggingar ökumanns því ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.